

Sóknaraðili, Halldór Ragnarsson, greiði varnaraðila, Margréti Bárðardóttur, kærumálskostnað 5.000,00 krónur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. júní 1988.

Nr. 141/1988. Halldór Ragnarsson

gegn

Helga Friðgeirssyni og

yfirborgarfégetanum í Reykjavík.

Kærumál. Greiðslustöðvun. Réttarfarsvitur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Sóknaraðili kærði 13. maí sl. til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur sama dag, en úrskurðurinn, sem er án forsendna, er þannig: „Helga Friðgeirssyni, kt. 11.07.44-2349, Kögurseli 14, Reykjavík, er veitt heimild til greiðslustöðvunar í allt að þrjá mánuði frá deginum í dag að telja.“

Samkvæmt gögnum málsins óskaði varnaraðili með bréfi 11. maí sl. greiðslustöðvunar í þrjá mánuði til að koma nýrri skipan á fjármál sín, en hann taldi sig eiga í verulegum fjárhagsörðugleikum. Skuldir sínar taldi hann nema 24.605.717,00 krónum, þar af væru gjaldfallnar 9.800.000,00 krónur og auk þess veruleg vanskil á öðrum skuldum. Miðað við matsverð eigna taldi hann talsvert eigið fé vera í búi sínu. Til að koma nýrri skipan á fjármálin benti hann á, að hann ætti rétt til langtímaláns að fjárhæð 2,5 millj. króna auk réttar til frekari slíkra lána. Þá væri möguleiki á að ná samning-

um við kröfuhafa um skuldbreytingu til einhverra ára. Þá væri einnig sú leið að selja eignir, en meðal þeirra væri fiskiskip af þeirri stærð og með svo stóran kvóta að það væri mjög seljanlegt. Fyrir liggur í málinu að selja átti íbúðarhús varnaraðila og eiginkonu hans á nauðungaruppboði 13. maí, en sú sala fór ekki fram vegna hins kærða úrskurðar.

6. Vegna sóknaraðila hefur Þorvaldur Ari Arason hæstaréttarlögmaður gert svofelldar dómkröfur:

„1) Greiðslustöðvunin verði strax úr gildi felld og Borgarfógeta-embættinu gert skylt, að framkvæma uppboð að Kögurseli 14.

2) Að Yfirborgarfógeti Jón Skaftason verði réttilega víttur fyrir embættisafglöp.

3) Að mér verði dæmdar áðurrétfndar þóknunarbætur, auk kærúmálskostnaðar.“

Varnaraðilar hafa sent dóminum athugasemdir sínar. Varnaraðili, Helgi Friðgeirsson, krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærúmálskostnaðar.

Sóknaraðili vísar til kærueimildar í hæstaréttarlögum og laga-ákvæðum um greiðslustöðvun ótiltekið. Samkvæmt 1. tl. 10. gr. laga um gjaldprotaskipti nr. 6/1978 er kæra heimil til að hnekkja úrskurðinum um greiðslustöðvun, en kæran á hendur yfirborgarfógeta þykir heimil eftir 2. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Sóknaraðili telur efni kæru sinnar fyrst og fremst vera til ógildingar á veittri heimild til greiðslustöðvunar. Byggir hann á því annars vegar, að úrskurðurinn um greiðslustöðvunina hafi verið allt of síðgerður til að koma í veg fyrir nauðungarsölu á íbúðarhúsi varnaraðila, og hins vegar á því, að nægar eignir hafi verið í búi varnaraðila þannig að greiðslustöðvun sé ekki réttmæt. Að öðru leyti þykja röksemdir sóknaraðila ekki skipta máli í þessu sambandi.

Í málinu er ekki ágreiningur um það að heimildin til greiðslustöðvunar var veitt áður en nauðungaruppboðið skyldi fara fram. Verður henni eigi hnekkð af þeim sökum að úrskurðurinn um hana hafi verið of síðgerður. Þá verður heldur ekki á það fallist að hinn kærði úrskurður skuli ómerkur af því að nægar eignir séu í búi varnaraðila. Samkvæmt 8. gr. gjaldprotalaga má nauðungaruppboð ekki fara fram meðan á greiðslustöðvun stendur.

Að því er varðar kærana á hendur yfirborgarfógeta hefur ekki

verið sýnt fram á, að hann hafi gert á hluta sóknaraðila í dómara-
starfi og er henni hafnað.

Af hálfu yfirborgarfégeta er ekki krafist kærumálskostnaðar. Sóknaraðili greiði varnaraðila, Helga Friðgeirssyni, 5.000,00 krónur í kærumálskostnað.

Lögmaður sóknaraðila hefur í sóknarskjölum viðhaft ósæmileg ummæli um yfirborgarfégeta og lögmann varnaraðila, sem ber að víta hann harðlega fyrir.

Kæra þessi er að ófyrirsynju.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðili, Halldór Ragnarsson, greiði varnaraðila, Helga Friðgeirssyni, kærumálskostnað 5.000,00 krónur að viðlagðri aðför að lögum.